

Lög Félags múslima á Íslandi

1. gr.

Heiti félagsins er Félag múslima á Íslandi, skammstafað FMÍ, og er heimilisfang þess Dalsel 34,109 Reykjavík.

2. gr.

Allir þeir sem játa Íslamska trú og/eða og eru sammála markmiðum félagsins geta gerst félagar í FMÍ.

3. gr.

1. Markmið FMÍ eru að:

- a) að gera múslimum á Íslandi kleift að iðka trú sína.
- b) að stuðla að jákvæðum viðhorfum þeirra er ekki fylgja Íslam til trúarbragðanna.
- c) að koma í veg fyrir hvers konar öfgar, ofstæki og yfirgang í nafni trúarbragða, Íslam eða annarra, og að efla virðingu fyrir og umburðarlyndi gagnvart öllum trúarbrögðum.
- d) að vinna gegn hvers konar mismunum á grundvelli uppruna, ætternis eða trúarbragða.

2. Markmiðum sinum hyggst FMÍ ná:

- a) með því að skapa félagsmönnum vettvang til trúariðkunnar.
- b) með kynningar - og útgáfustarfsemi.
- c) með trúarbragðatengdri menningarstarfsemi.
- d) með heimsóknum og öðrum samskiptum.
- e) með góðu fordæmi félagsins og félagsmanna.

4. gr.

1. Stjórn og Öldungaráð fara með stjórn FMÍ.

2. Stjórn FMÍ fer með æðsta vald í félaginu í veraldlegum málum utan aðalfundar.

3. Öldungaráð FMÍ fer með æðsta vald í félaginu hvað varðar trúarleg málefni og hefur eftirlit með því að stjórn FMÍ fari að lögum og anda Íslam og er henni til fulltyngis í þeim efnum.

5. gr.

Stjórn FMÍ skal skipuð fimm stjórnarmönnum og skal hún kosinn af félagsmönnum á aðalfundi til eins árs. Formaður skal kosinn beinni kosningu en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Að formanni frátöldum skipa stjórnina ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur og er ritari staðgengill formanns. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo varamenn í stjórn.

6. gr.

1. Öldungaráð skal skipað 9 félagsmönnum, þ.á.m. skal formaður FMÍ vera fullgildur meðlimur öldungaráðsins.

2. Félagsmenn sem játa Íslamstrú eru kjörgengir í Öldungaráð, hafi þeir hreint mannorð, séu fjár síns ráðandi, hafi fasta búsetu á Íslandi og hafi verið félagar í FMÍ í minnst fimm ár. Öldungaráð skal skipað félagsmönnum af báðum kynum og má aldrei vera skipað færri en þremur af hvoru kyni.

3. Í Öldungaráð skal kosið á aðalfundi sem á eru mættir minnst 3/10 hluti skráðra félaga FMÍ. Losni sæti í Öldungaráði á milli aðalfunda skal með minnst 30 daga fyrirvara auglýsa almennan félagsfund til að kjósa í laus sæti í ráðinu. Í slíkri auglýsingu skal koma fram að kjósa eigi í Öldungaráðið og eiga fyrrgreind ákvæði um lágmarksmætingu á aðalfund þar sem slík kosning fer fram, einnig við um almennan félagsfund af þessu tagi. Í auglýsingu um aðalfund eða almennan félagsfund þar sem kjósa á í Öldungaráð, skal koma fram að óskað sé tilnefninga eða framboða í ráðið. Viku fyrir aðalfund eða almennan félagsfund skal lokað fyrir tilnefningar og skal kosið á milli þeirra sem þá hafa verið tilnefndir eða boðið sig fram.

4. Kjörnir meðlimir Öldungaráðsins eru átta og skulu þeir kjörnir með einfaldri kosningu, þar sem þeir hljóta kosningu í þau sæti sem laus eru sem flest atkvæði hljóta á aðalfundi eða almennum félagsfundi. Öldungaráðið kýs sér formann ár hvert á fyrsta fundi ráðsins eftir aðalfund og gegnir hann formennsku í eitt ár í senn. Sá sem gegnt hefur formannsembætti Öldungaráðsins, skal eigi kjörgengur til þess embættis að nýju fyrr en allir aðrir meðlimir ráðsins hafa gegnt formannsembætti eða sérstaklega beðist undan því að taka embættið að sér.

5. Kjörnir meðlimir Öldungaráðs sitja í ráðinu til lífstíðar, nema þeir uppfylli ekki lengur kjörgengisskilyrði, sbr. 2. mgr, eða kjósi að láta af störfum. Öldungaráð getur vikið meðlimi úr ráðinu með atkvæðum $\frac{3}{4}$ hluta kjörinna meðlima ráðsins, enda séu ríkar ástæður fyrir hendi.

6. Fundir Öldungaráðs skulu haldnir lágmark á 6 mánaða fresti og skal formaður ráðsins boða til þeirra með sannanlegum hætti í hvert sinn.

7. Öldungaráð tekur ákvarðanir með einföldum meirihluta, sbr. þó 8. mgr.

8. Öldungaráð verður að samþykkja fjárfestingar sem hafa veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða skuldbindingar FMÍ. Þegar um slík mál er að ræða þarf að lágmarki $\frac{3}{4}$ hluti kjörinna meðlima Öldungaráðsins að sitja fund og þurfa 2/3 þeirra sem fundinn sitja að samþykkja þá ráðstöfun sem stjórn félagsins leggur til, eigi hún að ná fram að ganga.

9. Öldungaráðið tekur ákvarðanir FMÍ um fræðslumál og um samskipti við önnur félög múslima á Íslandi og erlendis.

10. Komist Öldungaráð að þeirri niðurstöðu að athafnir stjórnar FMÍ séu á einhvern hátt ekki í samræmi við lög eða anda Íslam, hvort sem ráðinu hvefur borist um það kvörtun eða það tekið málið á dagskrá að eigin frumkvæði, skal formaður Öldungaráðs greina stjórn FMÍ frá þeirri niðurstöðu. Hafi stjórnin ekki innan 30 daga bætt úr þeim meintu annmörkum sem Öldungaráð gerði athugasemdir við, skal Öldungaráð kynna félagsmönnum efni athugasemdanna og ákveða

almennan félagsfund um viðkomandi málefni. Á slíkum fundi skal félagsmönnum gefinn kostur á að lýsa skoðunum sínum á því máli er athugasemdir Öldungaráðsins lutu að og skal Öldungaráðið taka ákvörðun sína í málinu með hliðsjón af fram komnum skoðunum félagsmanna.

7. gr.

1. Aðalfund FMÍ skal halda fyrsta föstudag í maí ár hvert. Þó er heimilt að fresta honum ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, þó aldrei um meira en fjórar vikur.

2. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- a) Skýrsla stjórnar og reikningar
- b) Skýrsla Öldungaráðs
- c) Kosning stjórnar og varamanna
- d) Kosning endurskoðenda
- e) Kosning til Öldungaráðs, eftir því sem við á
- f) Umræður um komandi starfsár.
- g) Önnur mál.

3. Aðalfundur skal auglýstur með minnst 30 daga fyrirvara og skulu drög að dagskrá hans fylgja auglýsingunni.

8. gr.

1. Ef til slita félagsins kemur skulu slitin samþykkt af eigi færri en $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á almennum félagsfundi þar sem mættir eru eigi færri en $\frac{3}{4}$ hluti félagsmanna. Einnig þarf $\frac{3}{4}$ hluti Öldungaráðsmeðlima að samþykkja félagsslit.

2. Komi til slita á félaginu skulu allar eignir þess, eftir að skuldir hafa verið greiddar, renna til Háskólans í Reykjavík.

9. gr.

Stjórn félagsins getur með $\frac{4}{5}$ hluta atkvæða vikið félagsmanni úr félaginu fari háttsemi hans í bága við markmið FMÍ og/eða skaði ímynd íslam.